# BANDALAG ÍSLENZKRA LISTAMANNA

*UNION DES ARTISTES ISLANDAIS . UNION OF ICELANDIC ARTISTS . BUND ISLÄNDISCHER KÜNSTLER*

REYKJAVÍK . ISLANDE . ICELAND

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 112 / 972
*komudagur* 24 / 04 1990

Hr. Þorsteinn Magnússon
nefndarritari,
Alþingishúsinu v. Austurvöll
101 Rvík.

REYKJAVÍK, 18.04.90

Bandalag íslenskra listamanna hefur haft til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdir við Þjóðleikhús Íslendinga.

Stjórn BÍL hefur þegar tekið afstöðu í þessu máli og vísar til meðfylgjandi ályktunar sem gerð var á stjórnarfundi BÍL 03.01.90

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BÍL

Guðný Ragnarsdóttir

Guðný Ragnarsdóttir,
starfsmaður.

Ályktun stjórnarfundar Bandalags íslenskra listamanna 03.01. 1990

Bandalag íslenskra listamanna bendir á að Þjóðleikhúsbyggingin er listaverk með menningarsögulegt gildi og allar breytingar á því, hið innra sem ytra, ber að skoða í því ljósi.

Þó sjálfsagt sé að gera breytingar til hagræðis fyrir leiklistarstarfsemina er ástæðulaust að gjörbreyta yfirbragði salarins, aðeins til þæginda eða til að fylgja tísku.

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna fagnar umbótum sem verða til gagns fyrir leikstarfsemi í húsinu, en lætur í ljós efasemdir um að stór hluti breytinganna, sem á að gera á húsinu, og þess kostnaðar sem ætlunin er að verja til þeirra, verði til bóta fyrir áhorfendur eða þá listamenn sem í húsinu starfa. Telji byggingarnefndin nauðsyn á öllum þessum breytingum, er sjálfsögð krafa að hún skýri þá nauðsyn opinberlega og styðji það gögnum og rökum.

Samþykkir meðlimir stjórnar Bandalags íslenskra listamanna:

Brynja Benediktsdóttir leikstjóri, forseti Bandalags íslenskra listamanna,

Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld, varaforseti BÍL,

Einar Kárason rithöfundur, ritari BÍL,

Stefán Benediktsson arkitekt, gjaldkeri BÍL,

Guðrún Alfreðsdóttir leikari,

Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður,

Guðbjörg Björgvinsdóttir dansari,

Þór Vigfússon myndlistarmaður,

Kolbeinn Bjarnason tónlistarmaður,

María Kristjánsdóttir leikstjóri.